

## 133. fundur Rekstrarnefndar Hjúkrunar- og dvalarheimilsins Klausturhóla 13.10.21 kl.15:00.

Mættir: Sveinn Hreiðar Jensson, , Elín Heiða Valsdóttir, Matthildur Pálsdóttir, Auðbjörg Bjarnadóttir, Anna María Ólafsdóttir (var í síma), Margrét Guðmundsdóttir og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð.

Dagskrá fundar:

### 1. Skýrsla hjúkrunarforstjóra

Skýrslan kynnt og rædd. Ákveðið að rekstrarnefnd muni, á nýjan leik, senda bréf á nýjan heilbrigðisráðherra og Sjúkratryggingar Íslands og vekja athygli á nægu húsrými og möguleikum á fjölgun hjúkrunar- og biðryma.

### 2. Rekstrarstaða

Tekjur fyrstu 9 mánuði ársins eru yfir áætlun. Launakostnaður er einnig yfir áætlun, ástæður eru m.a. langtímaveikindi starfsfólks, tímabundin afleysing hjúkrunarforstjóra og stytting vinnuvikunnar. Rekstrarnefnd kallar eftir nánari sundurliðun á kostnaði við mótuneyti og felur hjúkrunarforstjóra að kanna hver rekstrarhagræðing var af breytingum í mótuneytismálum.

### 3. Staða viðhalds 2021

Staða viðhaldsverkefna er á áætlun og stefnir í að þau klárast fyrir áramót.


### 4. Starfsmannamál

Undanfarið hefur verið mikil mannekla en nú horfir aðeins til betri vegar.

### 5. Önnur mál

Kynning frá Herði Davíðssyni á hugmyndum að byggingu gróðurskála við hjúkrunarheimilið. Lagt er til að stofnuð verði byggingarnefnd, skipuð fulltrúum frá sveitarstjórn, öldungaráði og rekstrarnefnd ásamt Herði Davíðssyni til að skoða mögulega fjármögnun og annað sem lýtur að byggingu og rekstri. Rekstrarnefnd tekur undir hugmyndina og vísar henni til sveitarstjórnar til frekari afgreiðslu.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 17:30

  
Sveinn H. Jensson  
Elín Heiða Valsdóttir  
Auðbjörg Bjarnadóttir  
Fanney Ásgeirsdóttir  
Margrét Guð  
Anna M. Ólafsd.